



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

92.fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 22.okt. 1984. Fundinn sóttu: Ingólfur Helldórsson settur skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Hjálmar Árnason settur aðstoðarskólameistari, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingimundur Guðnason, Gísli Torfason fulltrúi kennara, Edda Rós Karlsdóttir fulltrúi nemenda, og Valtýr Guðjónsson ritari.

Þetta gerðist:

1. Settur skólameistari lýsti upphafi haustannar 1984.

Afhending stundatöflu og sala bóka fór fram mánudag 3.sept., en kennsla var hafin í skólanum 4.sept. Kennarar við skólann eru nú 52 alls, ýmist fastráðnir, eða stundakennarar og leiðbeinendur á starfsnámskeiðum. Skólastarfið hefur að mestu gengið samkvæmt áætlun, ef undan eru skilin nokkur áhrif vegna yfirstandandi verkfalls, en 4 kennarar skólans auk þriggja kennara úr öldungadeild eru í BSRB, og hafa því ekki kennt. Í dagskóla eru nú skráðir um 540 menndur, í öldungadeild 230. Í kvöldskóla við fatasaum og smíðar eru 45 nemendur, í réttindanámi vélstjóra 25, og 101 við starfsnám, samtals 941 nemandi. Varðandi öldungadeildina vakti aðstoðarskólameistari athygli á hinni miklu fjölgun þar, rúmlega 100 % frá síðustu önn. Hann taldi æskilegar skipulagsbreytingar á henni í þá átt að nemendum gefist kostur á að ljúka námsáföngum á tveggja ára brautum í kvöldskóla og halda síðan áfram í dagskóla allt til stúdentsprófs ef svo ber undir. Hefur hann þegar sent nemendahópnum greinargerð um þetta til athugunar.

2. Upplýsingar hafa borist um áætlaðar fjárveitingar til skólans í fjárlögum 1985, og munu þær sundurliðaðar þannig:

Láun (kennaralaun, og laun v.samreksturs
ósundurliðað)

16.200 þús

Annar reksturskostnaður

2.320 "

Stofn- og tækjabúnaður

600 "

Samtals:

19.210 "

Áætlun skólanefndar, sem send var á tilskildum tíma sl.vor ráðuneyti til leiðbeiningar, er eins og áður mun hærri, auk þess sem aðstæður og viðfangsefni hafa breyst og vaxið. Settur skólameistari ítrekaði að öðru leyti hve mikið skorti á um samvinnu ráðuneytis og skólanefndar varðandi áætlanir um óumflýjanlega fjárförf skólans eins og jafnan áður, þannig að niðurstöður ráðuneytis standast aldrei.

Af þessum sökum lögðu formaður og aðstoðarskólameistari fram skriflegar "tillögur skólayfirvalda Fjölbrautaskóla Suðurnesja til hæstvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis" um aukna fjárveitingu til skólans á árinu 1985, í uppkasti bréfa, sem undirrituð verða af formanni og settum skólameistara. Í bréfunum er farið fram á:

1.	Framlag til stjórnunar starfsnáms	kr.120 þús
2.	"v/ aukins búnaðar á tré-málm-rafm.brautum	" 300 "
3.	" " tölvukaupa vegna kennslu	" 300 "
4.	" " kennslu í öldungadeild, viðbót	" 410 "
5.	" " tölvukaupa við stjórnun skólans (náms-ferilsskráning, fjarvistaskrá, töflugerð, fjárhagsbókhald)	" 350 "
6.	" " til hönnunar viðbótarbyggingar við skólann	"1200 "
7.	" " lóðarframkvæmda	" 800 "
		3480 "

Skýringar við framanritað flutti settur aðstoðarskólameistari. Þá lagði hann áherslu á að stórir gjaldaliðir í "öðrum reksturskostnaði", svo sem akstur með nemendur, afnot af íþróttahúsi, leiga á kennsluhúsnæði, rafmagns og hitakostnaður, námsbrautir auk launakostnaðar við ræstingu ofl. eru vanáætlaðir í heild um kr.2.145 þús. miðað við reynslu þessa árs. Var samþykkt að rita fjárveitinganefnd einnig um þetta. Kostnaður við samrekstur skólans í októberlok nemur um kr. 7 millj., og þar af hlýtur hlutur ríkissjóðs að vera amk.3 millj.króna, eða hærri en öll áætlunin fyrir 1985.

3. Formaður og settur skólameistari héldu áfram umræðum um drög að reglugerð um fjölbrautaskóla, sbr.síðustu fundargerð. Lagði formaður fram viðbótargrein í reglugerðina sem samin er af Jóni Böðvarssyni skólameistara, og fjallar um fjármunaleg samskipti ráðuneytis og skólanefnda, en áður hefur hann lagt fram drjúga vinnu við undirbúning hennar. Reglugerðin er annars í vinnslu í menntamálaráðuneytinu.

4. Settur aðstoðarskólameistari vakti máls á því, að þrátt fyrir mikla og aukna aðsókn að skólanum, væru þó allt of fáir reglulegir nemendur skráðir á tré- og málmiðnabrauti miðað við atvinnulíf á Suðurnesjum og atvinnumöguleika. Talldi hann að vanta mundi meiri kynningu meðal unglinga á þessu máli, og benti á eftrifarandi til úrbóta:
- a. Gefa mætti út kynningarbækling varðandi þetta nám.
 - b. Kynna þyrfti nám á þessum brautum meira með heimsókn í grunnskólana, helst í einn "bekk" í einu
 - c. Nemendur á fjölmiðabraut FS verði látnir vinna að myndböndum til dreifingar og kynningar á þessum námsmöguleikum. Tóku fundarmenn undir þetta, m.a.

Halldór, sem óskaði nánari tillagna.

5. Önnur mál:

Formaður lagði fram tvö bréf, sem borist höfðu skólanefnd, annað frá kennarafél. FS., hitt frá Egi Sigurðssyni. Gísli Torfason flutti greinargerð um efni bréfanna. Lagt var til að bréfin yrðu tekin fyrir á fundi síðar, og var það samþykkt. Fleira ekki gert.

Valtýr Gujónsson
ritari

Ingólfur Halldórsson
settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 26. október 1984

Tillögur, samþykktar á 92. fundi skólanefndar FS, til
hæstvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis.

Fylgiskjöl:

- A. Fjárveiting til FS á fjárlögum 1985 og tillögur FS um hækkun.
- B. Rökstuðningur vegna:
 - starfsnáms, tölvukaupa, og tækja í mál- og rafiðnadeildir.
 - launa í öldungadeild.
 - tölvuvæðingar stjórnunarþátta.
 - hönnunarkostnaðar nýbyggingar.
 - lóðanframkvæmda.
 - samrekstrar.
- C. Tölur um nemendafjölda.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

A. Fjárveiting til FS á fjárlögum 1985.

Laun.....16.290

Tækjabúnaður.. 600

Önnur gjöld... 2.320

Gjöld samtals 19.210

Tillögur FS um hækkun.

Laun.....120.000 (starfsnám)

"410.000 (öldungadeild)

Samrekstur 2.145.000

Tækjabúnaður. 300.000 (tölvur í kennslu)

" 300.000 (málm- og rafiðnir)

" 350.000 (tölvuvæðing stjórnunar)

Lóðarfrankv. 800.000

Hönnun nýb..1.200.000

Samtals:

Laun:.....530.000

Samrekstur.....2.145.000

Stofnbúnaður 2.950.000

Samtals beiðni um hækkun 5.625.000



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Til hæstvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis.

B-1

Varðar: Starfsnám, tölvukaup og búnað vegna mál- og rafiðnadeilda FS

Í allri skólamálaumræðu síðustu ára hefur mönnum orðið nokkuð tíðrætt um nán samskipti skóla og atvinnulífs, án þess þó að frekari skilgreining eða dæmi fylgdu. Flestir virðast nokkuð sammála um þann anda er þessum orðum fylgir en minna hefur þó orðið um efndir.

Á haustönn 1984 var reynt við FS að láta rætast úr margnefndri stefnuyfirlýsingu um samskipti skóla við atvinnulífið. Verslunarmannafélag Suðurnesja, Kaupfélag Suðurnesja, Félag kaupsýslumanna á Suðurnesjum og Fjölbrautaskóli Suðurnesja efndu til starfsnáms fyrir fólk við verslunar- og skrifstofustörf. Vinnuveitendur og stéttarfélag greiddu námsskeiðskostnað að tveimur þriðju hlutum á móti einum þriðja hluta þátttakenda. Um 100 þátttökutilkynningar bárust í þau ellefu námsskeið sem í boði voru. Skipulagi er þannig háttað að nemendur sækja námsskeiðin að hluta til í vinnutíma (án launaskerðingar) og að hluta í eigin frítíma. Reynt er að hafa umfang hvers þáttar ekki of mikið og aðlaga hvern þátt störfum þátttakenda. Meðfylgjandi bæklingur lýsir annars skipulagi starfsnámsins.

Undirtektir þátttakenda benda ótvírætt til þess að vel hafi til tekist og skólayfirvöld séu á réttri leið með starf skólans. Fyrirgreint starfsnám var bundið fólki úr verslun og þjónustu. Það er hins vegar fullur vilji aðstandenda að auka starfsnámið enn frekar og tengja það sem flestum starfsgreinum. Reyndar bendir margt til að sú verði raunin þar eð fulltrúi skólans hefur verið boðaður á fund með talsmönnum allra stéttarféлага á Suðurnesjum með það fyrir augum að koma á sambærilegri þjónustu og hér hefur verið nefnd.

Rétt er að vekja athygli á því að hlutur FS í starfi þessu hefur verið ráðuneytum ríkisins kostnaðarlaus með öllu. Skólinn gegnir fyrst og fremst því hlutverki að undirbúa og skipuleggja námsskeiðin, ásamt því að leggja til húsnaði. Fjármál vegna þessa hafa verið í höndum Verslunarmannafélags Suðurnesja. Telja undirritaðir það heppilegt fyrirkomulag.

Starf framhaldsskóla hlýtur í framtíðinni að verða byggt á endurmenntunar- námsskeiðum fyrir fólk úr atvinnulífinu, ásamt hefðbundnu skólastarfi. Skólayfirvöld FS telja sig hafa sýnt fram á ágæta og ódýra leið að því marki. Auk bættra tengsla skóla og atvinnulífs felur sú leið í sér betri nýtingu á dýru húsnaði og sérmenntuðu starfsfólki.

En því er þessum orðum beint til hestvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis að í fjárlögum 1985 virðist FS ekki ætlað svigrúm til að búa sig undir þá þjónustu sem óskað er af honum. Það má e.t.v. telja eðlilegt þar eð starfsnámið hófst ekki fyrr en á haustdögum og viðbrögð hafa orðið meiri en nokkurn óraði fyrir. Að framansögðu leyfa undirritaðir sér, fyrir hönd FS, að beina því til hestvirtrar fjárveitinganefndar að hún leggi sitt lóð á starfsnámsáætlanir FS með því að auka fjárveitingu til skólans frá því sem ætlað er í fjárlögum. Hér á eftir skulu óskir þessar færðar til talna:


1. Í ljósi þess að öll stéttarfélag á Suðurnesjum munu meira og minna tengjast starfsnámi skólans er sýnt að stjórnunarbættir munu aukast meira en svo að stjórnendur fái sinnt þeim sem aukastarfi við önnur störf í skólahaldinu. Því er farið fram á að stjórnunarkvóti skólans verði aukinn um sem nemur tíu stundum á viku hvora önn eða í krónum talið um 120.000.
2. Í eigu skólans eru einungis fimm tölvuskjái og eru það reyndar einu kennsluskjái á Suðurnesjum öllum. Hundruð einstaklinga hafa sótt byrjunar-áfangi í tölvunarfræðum í dagskóla, öldungadeild og starfsnámi. Hins vegar megna skólinn ekki að sinna framhaldsáföngum í tölvunarfræðum vegna tækjafæðar. Tölvuöld mun í garð gengin og aðsókn eykst stöðugt. Verði ekki úr bætt hið sjarasta mun skólinn á engan hátt geta staðið undir þeim kröfum sem samfélagið gerir til hans. Vert er að geta þess að í starfsnámi er ekki hvað síst beðið um framhaldsáfangi í tölvunarfræðum en skólayfirvöld neyðast til að vísa þeim óskum frá af framangreindum ástæðum.

Málm- og rafiðnadeildir FS eru í töluverðum uppgangi enda þjóna slíkar deildir vel atvinnulífi Suðurnesja. Í starfsnámi er einnig óskað eftir námsskeiðum á því sviði. Hins vegar eru deildirnar vanbúnar tækjum og brýnt að úr verði bætt.


Á fjárlögum eru skólanum ætlaðar kr. 600.000 til tækjakaupa. Ljóst er að sú upphæð hrekkur hvergi til að sinna þeim kröfum sem til hans eru gerðar. Því er þess vinsamlegast óskað að fjárveiting til tækjakaupa verði hækkuð vegna þessa um kr. 300.000 til tölvukaupa og kr. 300.000 til málm- og rafiðnadeilda eða samtals um kr. 600.000.

Skólayfirvöld FS gera sér fyllilega ljósar þær þrengingar sem nú er við að glíma í þjóðfélaginu. Til lengri tíma litið hlýtur bætt menntun og þjónusta við undirstöðuatvinnuvegina að vera vænleg leið úr þeim erfiðleikum.

Virðingarfyllst,



Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar FS



Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

B-2

Til hestvitrnar fjárveitinganefndar Alþingis.

Í tillögum skólayfirvalda FS vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1985 var miðað við 110 nemendur í öldungadeild skólans. Þar var lagður til grundvallar nemenda- fjöldi síðustu anna. Þau gleðilegi tíðindi hafa hins vegar orðið að aðsókn í öldungadeild rúmlega tvöfaldaðist á haustönn 1984 miðað við vorönn 1984 og stunda nú 230 nemendur nám í öldungadeild. Allir þessir nemendur eru skráðir á brautir og því fyrirsjáanlegt að á árinu 1985 verði nemendur síst færri en nú. Því er þess vinsamlegast óskað að launaliður verði hækkaður í samræmi við áðurnefndar forsendur eða úr kr. 390.000 (með launatengdum gjöldum) í 800.000. ✓

Virðingarfyllst,

Gunnar Sveinsson,

formaður skólanefndar FS

Ingólfur Halldórsson,

settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

B-3 Til hestvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis.

Varðar: tölvuvæðingu stjórnunarþátta.

Í tillögum skólayfirvalda FS vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1985 var reiknað með kaupum á tölvu og hugbúnaði vegna stjórnunarstarfa. Til þessa voru áætlaðar kr. 500.000 og þar með talin kaup á tölvu, fylgibúnaði, hugbúnaði og vinnu við uppsetningu.

Tæki þetta mun auðvelda alla stjórnun verulega og spara skólanum árviss útgjöld m.a. vegna stundaskrángerðar og útskriftar. Að auki má nefna fjarvista-skráningu og námsferla (hvört tveggja vandmeðfarið og viðkvæmt í áfangakerfi), fjármálabókhald og aðra mikilvæga þætti er lúta að skólalahaldi.

Á fjárlögum eru skólanum ætlaðar kr. 600.000 til tækjakaupa. Sé 500.000 kr. varið af þeim hluta til tölvukaupa mun ljóst að frekari umsvif (s.s. nauðsynleg endurnýjun) verða heldur þröng og setja skólanum hættulegar skorður.

Því er þess vinsamlegast óskað að fjárveiting til tækjakaupa verði hækkuð um kr. 350.000 vegna tölvuvæðingar stjórnunarþátta.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar FS

Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

B-4

Til hæstvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis.

Varðar: hönnun nýbyggingar við FS.

Í tillögum FS vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1985 var óskað eftir kr. 1.200.000 vegna hönnunar nýbyggingar. Ekki verður séð að sú bón hafi hlotið hljómgrunn á fjárlögum.

Á það var bent að starfssemi FS fer nú fram á sex stöðum og ætti að liggja í augum uppi hverjar skorður það setur eðlilegu skólastarfi. Kennsla, ekki hvað síst á framhaldsskólastigi, krefst í stöðugt ríkara mæli sérhæfingar og af þeim sökum verður að gera ráð fyrir sérstofum og ámóta aðstöðu við skipulag skólahaldsins. Skortur á samfelldu húsnæði hindrar að þetta skipulag geti orðið með eðlilegum hætti.

Vegna aukinna umsvifa í starfi FS, einkum rekstri starfsnáms og verulega vaxandi aðsóknar í öldungadeild, má segja að bóknámshús skólans að Sunnubraut 36 sé meira og minna nýtt frá kl. 8 á morgnana til kl. 11 á kvöldin.

Á haustönn 1984 stunda u.þ.b. 900 nemendur nám við skólann þegar taldir eru nemendur allra deilda og starfsnáms. Það veldur skólayfirvöldum þungum áhyggjum að ekki skuli vera hægt að bjóða þessum nemendum viðunandi félagsaðstöðu. Slík aðstaða er nemendum í áfangakerfi gífurlega mikilvæg, bæði hvað varðar menningarlega atburði og ekki síður vegna félagslegra tengsla og þroska er þeim fylgir.

Í upphaflegri áætlun vegna FS er gert ráð fyrir nýrri álmu vestan bóknáms hússins að Sunnubraut 36. Þegar liggja fyrir grunnteikningar að þeirri álmu. Samkvæmt þeim ættu brýnustu húsnæðisþörfum skólans að vera fullnægt með byggingu álmunnar. Því leyfa undirritaðir sér að fara þess vinsamlegast á leit við hæstvirta fjárveitinganefnd Alþingis að hún taki tillit til framangreindra sjónarmiða og verði við tillögum skólayfirvalda um hönnun nýbyggingar á því herrans ári 1985.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar FS

Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

B-5

Til hestvirtnar fjárveitinganefndar Alþingis.

Varðar: kostnað vegna lóðarframkvænda.

Lóðir bóknámshúss FS og íþróttahúss Keflavíkurbæjar eru samliggjandi. Vegna landsmóts UMFÍ, 13.-15. júlí s.l., var talið nauðsynlegt að ráðast í frágang lóða umhverfis íþróttahúsið, þ.m.t. lóð FS að Sunnubraut 36. Skólayfirvöld töldu sig ekki geta staðið gegn þeim áformum enda mikið í húfi. Verkinu var lokið í byrjun júlí en Keflavíkukaupstaður féllst á að greiðslur vegna lóðarframkvæmdanna drægjust til fyrri hluta árs 1985. Ekki verður séð að hliðsjón hafi verið höfð af þessu við gerð fjárlaga fyrir árið 1985 þrátt fyrir ábendingar skólayfirvalda þar að lútandi. Sýnt er að skólinn muni lenda í hinum mestu vandræðum verði ekki úr bætt. Því leyfa undirritaðir sér að fara þess vinsamlegast á leit við hestvirta fjárveitinganefnd að hún hækki fjárveitingar til FS vegna þessa um kr. 800.000.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar FS

Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

B-6

Til hæstvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis.

Varðar: varmat á samrekstrarkostnaði FS.

Svo sem yður mun kunnugt er Fjölbrautaskóli Suðurnesja rekinn af tveimur aðilum, þ.e. ríki annars vegar og sveitarfélögum á Suðurnesjum hins vegar. Samskipti þessarra aðila um fjármál stofnunarinnar hafa á engan hátt gengið hnökralaust, án þess þó að það skuli rakið hér nánar.

Á fjárlögum fyrir árið 1985 virðist reiknað með kr. 2.320 þús. sem framlagi ríkisins til samrekstrarins. Ekki verður með nokkru móti séð að sú upphæð sé í samræmi við þær forsendur er samreksturinn byggir á. Þessi upphæð hrekkur svo skammt að skólahaldinu er stefnt í verulegan háska verði ekki úr bætt. Skal það nú rökstutt nánar.

Af samrekstrarþáttum, sem útilokað er að haggja við, má nefna þessa helsta:

- 1) aksturskostnaður vegna nemenda utan Keflavíkur, 2) afnot af íþróttahúsum, 3) leiga á kennsluhúsnæði (sbr. meðfylgjandi bréf um stofnbúnað), 4) rafmagns- og hitunarkostnaður, 5) rekstur einstakra námsbrauta og 6) launakostnaður vegna ræstingar og skrifstofuhalds.

Í október 1984 er kostnaður vegna þessara þátta orðinn um 7 milljónir króna, þar af ætti hlutur ríkisins að vera um 3 milljónir króna eða hærri upphæð en áætluð er á öllu árinu 1985. Ljóst er að hér er um algjört varmat að ræða á fjárlögum og því fara undirritaðir þess vinsamlegast á leit við hæstvirta fjárveitinganefnd að liður vegna samrekstrar verði hækkaður um 2.145 þús. króna eða í það horf sem kveður á um í samstarfssamningi rekstraraðila.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar FS.

Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

C. Tölur um nemendafjölda í FS á haustönn 1984.

1. Í dagskóla.....	540	nemendur
2. Í öldungadeild.....	230	"
3. Í réttindanámi vélstj. 25		"
4. Í starfsnámi.....	101	" i
5. Í saunum og smíðum...	45	"

Samtals

941 nemandi.